

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 27. janúar 2023.

Mál nr. 706/2021:

A

(Jónas Þór Jónasson lögmaður)

gegn

TM tryggingum hf.

(Hjörleifur B. Kvaran lögmaður)

Lykilorð

Skaðabætur. Líkamstjón. Umferðaslys. Árslaun. Viðmiðunartekjur. Varanleg örorka.

Útdráttur

A höfðaði mál á hendur TM hf. til heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku vegna afleiðinga umferðarslyss sem hún varð fyrir árið 2014. Laut deila aðila að því hvort árslaun A samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skyldu við útreikning skaðabóta ákvörðuð á grundvelli meginreglu 1. mgr., sbr. 3. mgr. greinarinnar, og þannig miðuð við lágmarkslaun, eða hvort beita ætti undantekningarreglu 2. mgr. og ákvarða árslaun A sérstaklega. Byggði A aðallega á því að miða bæri árslaun hennar við meðaltekjur verkafólks, til vara við meðaltal heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf en að því frágengnu að árslaun yrðu reiknuð út frá þeim launum sem hún hafði fengið í föstu starfi sem hún hafði gegnt síðustu þrjá mánuði fyrir slysdag. Í dómi Landsréttar kom fram að A hefði ekki gert það nægilega líklegt að hún hefði getað vænst þess að atvinnutekjur hennar til framtíðar hefðu numið meðaltekjum verkafólks. Aftur á móti hafi mátt gera ráð fyrir að ef slysið hefði ekki orðið, hefði hún að minnsta kosti haft jafnháar tekjur í framtíðinni og nema meðaltali heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu- og sölustörf. Var því fallist á það með A að ákvarða ætti varanlega örorku hennar á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga en um fjárhæð bótanna sem tildæmdar voru A á þeim grundvelli var ekki ágreiningur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Jóhannes Sigurðsson og Kristinn Halldórsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 18. nóvember 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 2021 í málinu nr. E-[...]/2021.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að stefnda verði aðallega gert að greiða 10.382.659 krónur með 4,5% vöxtum frá 16. september 2014 til 10. ágúst 2020, en með dráttarvöxtum

samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess að stefnda verði gert að greiða 9.791.391 krónu með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Að því frágengnu krefst áfrýjandi þess að stefnda verði gert að greiða 8.046.736 krónur með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í öllum tilvikum eru fjárkröfurnar gerðar að frádregnum innborgunum, 705.623 krónum greiddum 5. júlí 2016 og 3.742.753 krónum, greiddum 20. júlí 2016, auk 4,5% vaxta af framangreindum fjárhæðum frá 16. september 2014 til greiðsludags, og 1.112.033 krónum greiddum 20. júlí 2020, auk 4,5% vaxta frá 17. júlí 2016 til 17. júlí 2020. Þá krefst áfrýjandi greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann þess að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað.

Niðurstaða

- 4 Atvikum málsins og málsástæðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi lenti í umferðarslysi [...] 2014 er hún var [...] að aldri. Óumdeilt er að hún varð fyrir líkamstjóni í slysinu og var varanleg örorka hennar metin 10% af örorkunefnd. Stefndi er bótaskyldur vegna tjónsins og hefur þegar greitt áfrýjanda bætur sem miða við lágmarkslaunaviðmiðun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Áfrýjandi krefst þess aðallega að við útreikning árslauna verði miðað við meðaltekjur verkafólks á árinu 2014, til vara að miðað verði við meðaltal heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf en að því frágengnu að árslaun verði reiknuð út frá þeim launum sem hún hafði fengið í föstu starfi sem hún hafði gegnt síðustu þrjú mánuði fyrir slysdag á kaffihúsi [...]. Byggir áfrýjandi kröfur sínar á því að uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um að aðstæður hennar hafi verið óvenjulegar og að aðrir mælikvarðar en tekjur síðustu þrjú ár fyrir slysdag séu réttari mælikvarði við útreikning á tjóni hennar.
- 5 Í hinum áfrýjaða dómi var fallist á að áfrýjandi hefði sýnt fram á að aðstæður hennar fyrir slysið hafi verið óvenjulegar þar sem hún hefði verið á vinnumarkaði í skamman tíma fyrir slysið og ekki stundað það nám sem hún hafði verið skráð í á vorönn 2014. Dómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að tekjur áfrýjanda eftir slysið hafi ekki náð þeim meðaltalslaunum sem aðal- og varakrafa hennar byggðu á og því væri ekki rétt að leggja þau launaviðmið til grundvallar útreikningi á tjóni hennar. Þá var þrautavarakröfu áfrýjanda hafnað á þeim grundvelli að tekjur hennar eftir slysið hefðu verið óstöðugar og þegar horft væri til þeirra tekna og fjárhæðar lágmarkslaunaviðmiðsins væri ekki unnt að fallast á kröfu hennar um hærra árslaunaviðmið.
- 6 Áfrýjandi bar um það í héraði að hún hefði stefnt að því að fá starf sem flugfreyja í framtíðinni. Eftir að hún hætti námi hefði hún sótt um starf hjá D [...] en ekki fengið það. Kvaðst hún hafa séð það starf sem áfanga að því marki að fá starf sem flugfreyja. Þá liggur fyrir að áfrýjandi réði sig í hlutastarf í blómabúð á fyrri hluta árs 2014 og í framhaldi af því hóf hún störf á kaffihúsi á [...]. Bar áfrýjandi í héraði að hún hefði

stefnt að því að sækja jafnframt kvöldnámskeið í flugþjónanámi sem var í boði hjá [...].

- 7 Samkvæmt matsgerð sem liggur fyrir í málinu var áfrýjandi óvinnufær vegna slyssins til [...] 2014 og var stöðugleikapunktur náð [...] 2014, eða þremur mánuðum eftir slysið. Áfrýjandi var barnshafandi þegar slysið átti sér stað og fæddi hún barnið í [...] 2014. Var hún í kjölfarið í fæðingarorlofi fram í [...] 2015 en atvinnulaus í um það bil eitt ár eftir það. Áfrýjandi fékk starf hjá E í maí 2016 sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla og sem flokkstjóri í vinnuskóla. Þeim störfum gegndi hún til maímánaðar 2018 er hún fékk starf hjá D á [...]. Var hún í því starfi til nóvembermánaðar 2018 en hún kvaðst í skýrslu sinni í héraði hafa gefist upp á því þar sem starfið reyndist henni ofviða, meðal annars vegna bakvandamála sem hún glímdi við í kjölfar umferðarslyssins. Áfrýjandi kveðst hafa hafið nám í ársbyrjun 2019 hjá [...] í [...] og útskrifaðist hún þaðan með stúdentspróf í janúar 2020. Þá hafi hún flutt til [...] seinni hluta sumars 2020 og hafið þar háskólanám í sálfræði.
- 8 Á síðustu þremur árum fyrir slysið hafði áfrýjandi stundað nám við framhaldskóla en ekki lokið mörgum einingum. Samhliða náminu kveðst hún hafa unnið ýmis störf, svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Hún var að eigin sögn hætt námi á árinu 2014 og hafði síðustu þrjú mánuði fyrir slysið unnið fulla vinnu við þjónustu- og sölustörf á kaffihúsi á [...]. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á þá niðurstöðu að aðstæður áfrýjanda á síðustu þremur árum fyrir slysdag hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og að árstekjur hennar síðustu þrjú almanaksár fyrir slysið séu ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur hennar. Kemur því til skoðunar seinna skilyrði lagaákvæðisins um það hvort ætla megi að annar mælikvarði sér réttari á framtíðartekjur áfrýjanda en árslaun sem hún hafði haft síðustu þrjú ár fyrir slysdag eða lágmarksárslaunaviðmið samkvæmt 3. mgr. 7. gr.
- 9 Aðalkrafa áfrýjanda byggir á að rétt sé að miða árslaunin við meðaltekjur verkafólks á árinu 2014 sem námu 5.689.400 krónum. Í varakröfu er miðað við meðaltal heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf sem þá námu 5.365.440 krónum. Þrautavarakrafa áfrýjanda byggir eins og áður sagði á því að árslaunaviðmið verði reiknað út frá launum sem hún hafði fengið í föstu starfi á kaffihúsi sem hún hafði gegnt síðustu þrjú mánuði fyrir slysið. Samkvæmt því yrði árslaunaviðmiðunin 4.409.412 krónur. Lágmarkslaunaviðmið samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sem stefndi telur rétt að byggt sé á nam á stöðugleikapunkti 3.047.000 krónum. Í málinu er ekki ágreiningur um þessar tölulegu forsendur að baki kröfum aðila. Aðal- og varakrafa áfrýjanda miðar við meðaltal launa í starfstéttum sem hafa einna lægst laun á Íslandi. Þrautavarkrafan byggir á launum sem áfrýjandi fékk í raun greidd sem byrjandi í starfi. Þegar horft er til þess að fjárhæð meðaltals launa fyrir afgreiðslu og sölustörf er mun hærri en uppreiknuð laun áfrýjanda hjá kaffihúsinu og í ljósi ungs aldurs áfrýjanda á slysdegi standa líkur til þess að laun hennar hefðu hækkað með

hækkandi starfsaldri, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 9. október 2014 í máli nr. 149/2014.

- 10 Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. skaðabótalaga breytist upphafleg fjárhæð lágmarkslaunaviðmiðs í 3. mgr. 7. gr. mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Hlutfall lágmarkslaunaviðmiðs á stöðugleikapunkti var um 54% af meðaltekjum verkafólks 2014, 57% af meðaltali heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf 2014 og 69% af byrjunarlaunum áfrýjanda hjá kaffihúsinu sem hún starfaði hjá á slysdegi.
- 11 Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi voru launatekjur áfrýjanda frá slysdegi fram til ársins 2020 er hún hóf nám í sálfræði mjög breytilegar. Ástæður þess voru meðal annars að áfrýjandi eignaðist barn í [...] 2014 og var í fæðingarorlofi til [...] 2015. Eftir að fæðingarorlofi lauk var hún atvinnulaus í um það bil eitt ár. Til þess verður að líta að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga verður verðmæti vinnu við heimilisstörf lagt að jöfnu við launatekjur þegar árslaunaviðmið samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna er metið. Á árinu 2017, sem er fyrsta heila árið sem áfrýjandi var á vinnumarkaði, voru tekjur hennar 4.094.129 krónur. Á árinu 2018, þegar hún var meðal annars við störf hjá D [...], námu tekjur hennar 5.152.908 krónum. Á árinu 2019 hafði hún 3.446.457 krónur í tekjur en eins og áður er getið hóf hún nám til stúdentsprófs í byrjun þess ár. Þá ber einnig að horfa til þess að slysið hafði að sögn áfrýjanda áhrif á það að hún gæti fylgt þeim áætlunum sínum eftir að vinna hjá D [...] eða sem flugfreyja. Sú ákvörðun hennar að ljúka námi til stúdentsprófs er eðlileg í því ljósi og verður hún ekki metin til lækkunar við mat á líklegum framtíðartekjum. Þá er til þess að líta að í matsgerð B og C 4. júní 2016 er byggt á því að áfrýjandi hefði stundað fulla atvinnu út starfsævina ef slysið hefði ekki komið til. Þegar horft er til atvinnusögu áfrýjanda eftir slysið og að hún var byrjandi í þeim störfum verður ekki annað ráðið en að hún hefði framvegis stundað störf sem gæfu henni að minnsta kosti tekjur sem gætu numið meðaltali launa hjá starfstéttum sem hafa einna lægst laun.
- 12 Stefndi hefur byggt á því að miða eigi framtíðarárslaun áfrýjanda við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem áfrýjandi hafi ekki fært fram fullnægjandi rökstuðning fyrir því að annað launaviðmið sé réttari mælikvarði, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Launatekjur hennar fyrir og eftir slysið hafi verið mjög mismunandi og því ekkert sem bendi til þess að hún hefði til framtíðar haft laun í samræmi við þær kröfur sem hún gerir. Stefndi hefur ekki bent á nein sérstök atriði sem gefa til kynna að tekjuöflunarhæfi áfrýjanda til framtíðar sé svo skert, af öðrum ástæðum en slysinu, að hún hefði ekki geta aflað meðallauna starfstétta sem hafa einna lægst laun á Íslandi. Þá eru engar vísbendingar í málinu um að réttari mælikvarði á árslaunaviðmið áfrýjanda nemi 54 til 57% af meðaltali launa fyrir áðurnefndar starfstéttir.
- 13 Aðalkrafa áfrýjanda byggir á að rétt sé að miða árslaunin við meðaltekjur verkafólks á árinu 2014. Af gögnum málsins verður ráðið að áfrýjandi hafi hvorki fyrir né eftir

slysið sinnt störfum sem falla undir það viðmið. Þykir hún því ekki hafa gert það nægilega líklegt að hún hefði getað vænst þess að atvinnutekjur hennar til framtíðar hefðu numið þeim meðaltekjum. Verður aðalkröfu hennar því hafnað.

- 14 Fyrir liggur að þegar áfrýjandi slasaðist stundaði hún afgreiðslu og sölustörf. Að öllu framangreindu virtu verður fallist á það með áfrýjanda að gera megi ráð fyrir að ef slysið hefði ekki orðið hefði hún að minnsta kosti haft jafnháar tekjur í framtíðinni og nema meðaltali heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf, enda hefur aðaláfrýjandi ekki bent á annan og réttari grundvöll til að ákveða árslauin, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 26. júní 2020 í máli nr. 5/2020 og dóm Landsréttar 10. desember 2021 í máli nr. 705/2020.
- 15 Ekki er ágreiningur um útreikning á fjárhæð varakröfu áfrýjanda eða vaxtakröfu. Verður því fallist á varakröfu áfrýjanda í málinu eins og hún er fram sett.
- 16 Í samræmi við framangreinda niðurstöðu verður stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti svo sem nánar greinir í dómsorði og renna 841.000 krónur af þeim málskostnaði, sem samsvarar dæmdri þóknun lögmanns áfrýjanda í héraði, í ríkissjóð, en að öðru leyti rennur málskostnaðurinn til áfrýjanda.
- 17 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Dómsorð:

Stefndi, TM tryggingar hf., greiði áfrýjanda, A, 9.791.391 krónu með 4,5% vöxtum frá 16. september 2014 til 10. ágúst 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, 705.623 krónum greiddum 5. júlí 2016 og 3.742.753 krónum greiddum 20. júlí 2016, auk 4,5% vaxta af framangreindum fjárhæðum frá 16. september 2014 til greiðsludags, og 1.112.033 krónum greiddum 20. júlí 2020, auk 4,5% vaxta frá 17. júlí 2016 til 17. júlí 2020.

Stefndi greiði 1.641.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti og renna 841.000 krónur af þeim málskostnaði í ríkissjóð en 800.000 krónur til áfrýjanda.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 2021

Mál þetta var höfðað 29. desember 2020 og tekið til dóms 12. október 2021. Stefnandi er A, [...], [...], og stefndi er TM tryggingar hf., [...], [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 10.382.659 krónur, til vara 9.791.391 krónu og til þrautavara 8.046.736 krónur, í öllum tilvikum með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 16. september 2014 til 10. ágúst 2020, og með dráttarvöxtum

samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags allt að frádregnum 705.623 krónum sem greiddar voru 5. júlí 2016, og 3.742.753 krónum sem greiddar voru 20. júlí 2016, auk 4,5% vaxta af þeim fjárhæðum frá 16. september 2014 til greiðsludags og 1.112.033 krónum sem greiddar voru 20. júlí 2020, auk 4,5% vaxta frá 17. júlí 2016 til 17. júlí 2020. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi.

Dómari tók við meðferð málsins 6. október 2021 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Málavextir

Stefnandi lenti í umferðarslysi [...] 2014 en hún var þá [...] að aldri. Slysið mun hafa átt sér stað þannig að bifreið var ekið á hægra framhorn þeirrar bifreiðar sem stefnandi ók á gatnamótum [...] og [...] í nágrenni [...]. Stefnandi mun hafa meiðst nokkuð í baki og hálsi. Stefnandi var tryggð slysatryggingu ökumanns hjá stefnda og er bótaskylda óumdeild.

Afleiðingar slyss stefnanda hafa verið metnar í tvígang í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Fyrst af bæklunarlækni og lögmanni í samræmi við beiðni málsaðila. Matsmennirnir komust að þeirri niðurstöðu 4. júní 2016 að varanleg örorka næmi 8% og varanlegur miski næmi 8 stigum. Stefndi greiddi tvær greiðslur í samræmi við þá niðurstöðu, fyrst 5. júlí 2016 og svo 20. júlí 2016, sem dregnar eru frá dómkröfu hennar miðað við greiðsludaga. Afleiðingar slyss stefnanda voru metnar að nýju af örorkunefnd og komst nefndin að þeirri niðurstöðu 3. júní 2020 að varanleg örorka væri 10% og varanlegur miski 10 stig og greiddi stefndi bætur vegna þeirrar viðbótar 20. júlí 2020.

Við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku horfði stefndi til 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og greiddi bætur í samræmi við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. laganna. Því sjónarmiði stefnanda að horfa ætti til 2. mgr. 7. gr. vegna óvanalegra aðstæðna í lífi stefnanda var hafnað af hálfu stefnda.

Stefnandi vildi að litið yrði til þess að hún hefði verið að hasla sér völl á vinnumarkaði að grunnskólaprófi loknu enda hefði hún ekki lagt rækt við nám í framhaldsskóla þrátt fyrir að hafa verið skráð í skóla. Þótt hún hefði verið skráð í nafngreindan fjölbrautarskóla á haustönn 2013 og vorönn 2014 hefði hún einungis lokið nokkrum prófum á haustönn en engum á vorönn. Þá hefði hún verið komin í fullt starf á kaffihúsi þar sem hún hafi verið fastráðin fljótlega eftir slysið.

Stefnandi bar um það fyrir dómi að hafa hafið sambúð með unnusta sínum haustið 2013 í leiguhúsnæði en áður hafði hún búið um tíma hjá frændfólki sínu enda ekki átt í hús að vanda hjá foreldrum þar sem móðir hennar hafði fallið frá mörgum árum fyrr og faðir hennar átt við mikinn vímuefnavanda að stríða þannig að henni hafi ekki verið tækt að búa hjá honum.

Hugur stefnanda mun hafa á þessum tíma staðið til þess að hasla sér völl sem flugfreyja og til þess að búa í hagin í þeim efnum hefði hún sóst eftir starfi hjá D er annast [...]. Þetta starf hafði stefnandi séð fyrir sér sem áfanga að því marki að fá starf sem flugfreyja. Starf hjá fyrirtækinu hefði á hinn bóginn ekki staðið henni til boða í fyrstu og því hefði hún ráðið sig til starfa í ársbyrjun 2014 í hlutastarf í blómabúð og svo ráðið sig til starfa á kaffihúsi á [...] en að auki stefnt að því að sækja samhliða kvöldnámskeið í flugþjónanámi sem var í boði hjá [...]. Stefnandi slasaðist eins og áður gat [...] 2014 og treysti sér af þeim sökum ekki í flugþjónanamið þar sem fyrir hefði legið að hún yrði að ganga á hælahaum skóm sem hún hafi ekki ráðið við vegna slyssins. Eftir slysið var stefnandi óvinnufær um hríð vegna afleiðinga þess en svo í kjölfarið vegna meðgöngukvilla en stefnandi var þunguð er hún slasaðist. Stefnandi eignaðist barn sitt í [...] 2014 og var í kjölfarið í fæðingarorlofi fram í [...] 2015 en atvinnulaus að því loknu um eins árs skeið. Stefnandi fékk starf hjá E í maí 2016 sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla og sem flokkstjóri í

vinnuskóla. Því starfi gegndi stefnandi fram í maí 2018 er hún fékk starf hjá D [...]. Því starfi sinni stefnandi fram í nóvember sama ár er hún gafst upp á því þar sem vinnan reyndist henni líkamlega ofviða meðal annars vegna bakvandamála sem stefnandi glímdi við í kjölfar umferðarslyssins eftir því sem stefnandi upplýsti í framburði fyrir dómi og fyrir liggur í álitsgerð örorkunefndar. Stefnandi var atvinnulaus um tveggja mánaða skeið í árslok 2018 og fékk greiddar atvinnuleysisbætur en hóf svo nám í ársbyrjun 2019 hjá [...] í svokallaðri [...], sem mun vera nám sem byggir á fjarkennslu fyrst og fremst, og útskrifaðist þaðan í janúar 2020. Á því ári sem stefnandi stundaði nám hjá [...] vann hún í apríl og maí hjá E en frá júní til nóvember 2019 við liðveislu í íbúðarkjarna fyrir fatlaða hjá öðru sveitarfélagi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um atvinnutekjur stefnanda á árinu 2020. Stefnandi flutti til [...] í ágúst 2020 og hóf þar háskólanám í sálfræði sem hún leggur enn stund á.

Ágreining um árslaunaviðmið jöfnuðu aðilar ekki sem leiddi til málshöfðunar þessarar.

Málsástæður stefnanda

Lagt er til grundvallar af stefnanda sem óumdeilt í málinu að stefnandi hafi orðið fyrir 10% varanlegri örorku og 10 stiga varanlegum miska enda hafði stefndi greitt bætur á þeim grunni en stefnandi hafi gert fyrirvara við það uppgjör, meðal annars er lúti að árslaunaviðmiði. Deiluefni aðila lúti að því hvert skuli vera árslaunaviðmið við útreikning bóta fyrir varanlega örorku á grundvelli 7. gr. skaðabótalaga.

Stefnandi byggir á því að við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku beri að horfa til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga er lýtur að því að meta beri árslaun sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Ekki verði horft til 1. mgr. 7. gr. til að finna viðmið í þessum efnun enda hafi stefnandi verið að ljúka grunnskólanámi á hluta af því þriggja ára tímabili sem horfa ætti til samkvæmt ákvæðinu sem væri 2011 til 2013. Hún hafi lokið námi í grunnskóla [...] og hafði nám í menntaskóla þá um haustið en einungis verið eina önn og einungis lokið hluta þeirra eininga sem fælust í fullu námi. Stefnandi var síðan skráð í fjölbrautarskóla þrjár annir vor og haustönn 2013 og vorönn 2014 en hafi einungis lokið fimm einingum á vorönn en engum á hinum önnunum. Haustið 2013 hafi stefnandi jafnframt hafið störf við liðveislu hjá sveitarfélagi og sinnt því starfi fram yfir áramót. Í ársbyrjun 2014 hafi stefnandi hafið störf í hlutastarfi í blómabúð en í mars sama ár tók hún til starfa á kaffihúsi þar sem hún hafi verið fastráðin í fullt starf. Vegna vinnunnar hafi stefnandi ekki lokið neinum einingum eftir 2014 þar sem hún hafi ekki sinnt náminu vegna vinnu. Í kjölfar slyssins hafi stefnandi ekki getað sinnt vinnu allt fram til fæðingar barns síns í [...] 2014 en í kjölfarið hafi stefnandi verið í fæðingarorlofi fram til [...] 2015. Að því loknu hafi stefnandi verið atvinnulaus um nokkurt skeið en síðan hafið á ný störf hjá sveitarfélagi vorið 2016 sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla og flokkstjóri í vinnuskóla. Þeim störfum hafi hún sinnt um tveggja ára skeið en síðan unnið um skamma hríð við [...] en síðan frá vorönn 2019 við liðveislu í íbúðarkjarna fyrir fatlaða hjá sveitarfélagi. Á árinu 2019 hafi hún hafið nám hjá [...] og lokið þaðan ígildi stúdentsprófs í desember sama ár.

Sé horft til þessa ferils stefnanda að loknu grunnskólanámi sé ljóst að stefnandi hafi á slysdagi verið launamaður í fullu starfi. Hún hafði þá ekki stundað nám í reynd frá vori 2013 rúmu ári áður og einungis lokið örfáum einingum á þeirri önn. Það haust hefði hún lagt framhaldsskólanám alfarið á hilluna og ekki haft sérstök áform um að halda því áfram enda verið að horfa til flugfreyjustarfs í framtíðinni. Umtalsverð breyting til hækkunar hefði síðan orðið á tekjum hennar er hún hafi verið fastráðin í ársbyrjun 2014.

Í framangreindu ljósi sé á því byggt að verulegar breytingar hafi orðið nokkrum mánuðum fyrir slysið þannig að óvenjulegum kringumstæðum í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé til að dreifa. Stefnandi hafi, með hliðsjón af námsferli frá lokum grunnskóla og fastráðningar í starf, verið hætt námi fyrir slysið enda verði ekki horft til skráningar hennar í fjölbrautarskóla þar sem hún hefði ekki lagt stund á námið. Eins hefði hún ekki haft nein mótuð áform um að halda námi áfram þrátt fyrir að hafa orðað óljósar hugmyndir og langanir í þá átt á matsfundi vorið 2016. Raunin sé enda sú að stefnandi hafi verið á

vinnumarkaði áfram eftir slysið þar til hún hafi söðlað um eftir að hafa komist að því að henni væri ekki tækt að sinna flugþjónustuvinnu. Þannig hefði hún þurft að söðla um og móta sér nýja stefnu í lífinu fyrst henni væri ekki unnt að leggja stund á flugfreyjustarf vegna afleiðinga slyssins. Það hefði leitt til þess að stefnandi hóf nám að nýju og þá í sálfræði eftir að hafa náð ígildi stúdentsprófs hjá [...]. Stefnandi hafi þannig ekki gert hlé á námi heldur þurft að breyta um stefnu í lífinu og taka nýja ákvörðun þegar aðstæður hennar og áform kölluðu á.

Byggt er á því að hvorki laun stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið né lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga gefi rétta mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda. Hún hafi verið ung að árum en hefði sannarlega nýtt starfsorku sína á vinnumarkaði um nokkurt skeið og sýnt fram á tekjuöflunarhæfi sem hefði verði verulega umfram lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. Ekki verði lagt til grundvallar að stefnandi hefði haft lægri laun til framtíðar heldur en hún hafi verið farin að afla fyrir slysdag.

Aðalkrafa stefnanda byggist á að miða við meðaltekjur verkafólks árið 2014 er stefnandi slasaðist enda hefði hún ekki verið búin að móta sér fastan starfsvettvang vegna ungs aldurs og takmarkaðrar menntunnar á slysdegi. Í fyrirliggjandi matsgerðum hefði enda geta til almennra starfa verið lögð til grundvallar við mat á varanlegri örorku. Við slíkar aðstæður sé löng hefð fyrir því að horfa til meðaltekna verkafólks sem í þessu tilviki nemi 10.382.659 krónum.

Verði ekki á aðalkröfu fallist er byggt á því að horfa beri til heildarlauna starfsfólks í afgreiðslu- og sölustörfum þar sem stefnandi hafi á slysdegi unnið við afgreiðslu- og sölustörf hjá tveimur atvinnurekendum, á kaffihúsi og í blómabúð, þar sem hún hefði haldið áfram að sinna störfum ef slysið hefði ekki komið til, eða á öðrum sambærilegum vinnustöðum. Horfa verði til þess í þessum efnum að sökum ungs aldurs stefnanda gefi laun hennar ekki fyllilega rétta mynd af væntanlegum framtíðartekjum enda hækki laun almennt með starfsreynslu og aldri. Á þessum grunni nemi varakrafa stefnanda 9.791.391 krónu.

Til þrautavara er við það miðað að ekki verði miðað við lægri laun en stefnandi hafði sjálf síðustu þrjú mánuði fyrir slysið en ef þau laun eru uppreiknuð miðað við 12 mánuði og tekið tillit til framlags atvinnurekanda í lífeyrissjóðs næmi fjárfkrafa stefnanda 8.046.736 krónum.

Í öllum tilvikum kæmu greiðslur stefnda til frádráttar, samtals að höfuðstól 5.560.409 krónur.

Málsástæður stefnda

Byggt er á því af hálfu stefnda að meginregla skaðabótalaga hvað varði bætur fyrir varanlega örorku komi fram í 1. mgr. 7. gr., það er að árslaun til ákvörðunar bóta skuli teljast meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi atvinnurekanda til lífeyrissjóðs síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysdag. Þar sem stefnandi byggi á 2. mgr. 7. gr. um að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi hvíli á henni sönnunarbyrði þess að ákvæðið eigi við og annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hennar. Bæði þessi skilyrði þurfi að vera til staðar.

Þar sem tekjur stefnanda hefðu ekki náð lágmarksviðmiði 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga hefði stefndi lagt það viðmið til grundvallar greiðslum til stefnanda vegna varanlegrar örorku.

Stefnandi hafi á viðmiðunarárunum 2011, 2012 og 2013 verið ung að árum og verið í námi samhliða því að sinna tilfallandi störfum með hléum eins og algengt sé hjá ungmennum. Í fyrirliggjandi matsgerðum komi ítrekað fram að stefnandi hyggi á frekara nám sem varð síðan raunin þegar stefnandi lauk ígildi stúdentsprófs frá [...] í desember 2019.

Af hálfu stefnda er á því byggt að engan veginn verði séð að stefnandi hefði endanlega hafið störf á vinnumarkaði þótt hún hefði unnið um skamma hríð á kaffihúsi áður en hún lenti í slysinu. Sérstaklega sé því mótmælt sem ósönnuðu að stefnandi hafi verið búin að hljóta fastráðningu á kaffihúsinu. Málsástæður

sínar í þessum efnunum telur stefndi vera í fullu samræmi við fordæmi dómstóla í sambærilegum málum en meðal þeirra atriða sem horft hafi verið til sé hvort tjónþoli hafi endanlega hætt námi og hvort hann hefði uppi ráðagerðir um frekara nám. Í því ljósi verði ekki á því byggt að aðstæður stefnanda hafi verði óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Hvað aðalkröfu stefnanda áhrærir, að miða við meðaltekjur verkafólks, byggir stefndi á að atvinnuþátttaka stefnanda fyrir slysið renni ekki stoðum undir að þessi meðallaun séu réttari mælikvarði á framtíðartekjur hennar en þau lágmarkslaun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Því séu ekki uppfyllt bæði þau skilyrði sem uppfylla þarf til að unnt sé að beita undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laganna, sem leiðir til þess að sýkna ber stefnda af aðalkröfu stefnanda enda liggja engin gögn fyrir um að stefnandi hafi fengið greidd laun á grundvelli þeirra kjarasamninga sem gilda um verkafólk.

Hvað varakröfu stefnanda áhrærir, að miða við heildarlaun starfsfólks í afgreiðslu og sölustörfum, byggir stefndi á að skattframtöl stefnanda vegna tekna árána 2012 og 2013 leiði í ljós að stefnandi hafi haft óverulegar tekjur af afgreiðslustörfum hjá allmörgum atvinnurekendum þessi tvö viðmiðunarár og að þessar tekjur séu undir lágmarkslaunaviðmiði skaðabótalaga. Atvinnuþátttaka stefnanda fyrir slys renni þannig ekki stoðum undir að meðallaun starfsfólks í afgreiðslu og sölustörfum væru réttari mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Þar sem ekki séu uppfyllt bæði skilyrði til að beita 2. mgr. 7. gr. verði að sýkna stefnda af varakröfunni.

Eins sé krafist sýknu af þrautavarakröfu stefnanda sem felur í sér að byggt sé á síðustu þremur launagreiðslum vegna þriggja síðustu mánaðanna fyrir slys í starfi á kaffihúsi, [...], [...] og [...] 2014. Viðmið samkvæmt skaðabótalögum eigi að vera síðustu þrjú almanaksár og því sé ekki unnt að byggja á þessum mánuðum sem voru eftir þetta tímabil. Vakin er athygli á því að í málatilbúnaði stefnanda sé byggt á því að stefnandi hafi ekkert lagt stund á nám á árinu 2014 þrátt fyrir að hafa verið skráð í námi. Þrátt fyrir það komi fram á staðgreiðsluyfirliti að stefnandi hafi nánast engar tekjur haft í janúar og febrúar 2014 og hún hafi verið í hlutastarfi hjá tveimur atvinnurekendum þessa þrjá mánuði sem þrautavarakrafan tekur til. Að mati stefnda verði atvinnuþátttaka stefnanda á þessu tímabili ekki til þess að hún teljist hafa búið við óvenjulegar aðstæður í skilningi skaðabótalaga. Það að stefnandi hafi unnið samfelld hjá tveimur atvinnurekendum í þrjá mánuði fyrir slys þýði ekki að hún hafi markað sér fastan sess á vinnumarkaði enda liggi fyrir að hugur hennar stóð til frekara náms. Því beri að hafna þrautavarakröfu stefnanda eins og hinum tveimur.

Tjón stefnanda er að mati stefnda fullbætt í samræmi við 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga en því ákvæði sé einmitt ætlað að tryggja tekjulitlum tjónþolum lágmarksbætur en þær bætur séu í raun töluvert hærri en þær bætur sem stefnandi fengi ef miðað væri við hennar eigin laun. Þar sem hún hafi fengið greiddar bætur á grundvelli 3. mgr. 7. gr. sé tjón hennar að fullu bætt og því beri að sýkna stefnda.

Niðurstaða

Óumdeilt er að stefnandi varð fyrir líkamstjóni í umferðarslysi [...] 2014 og hlaut í því slysi varanlega örorku sem metin hefur verið 10%. Jafnframt er óumdeilt að tekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys gefa ekki rétta mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda þótt sýn aðila sé ólík á það til hvers það leiðir. Stefndi byggir á að í tilfelli hennar leiði það til að finna þurfi annan mælikvarða og réttari, en stefndi telur að horfa beri á lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. eins og í tilviki annarra tekjulítilla tjónþola og hefur miðað uppgjör sitt við þetta viðmið. Til meginreglu 1. mgr. 7. gr. um tekjuviðmið vegna þriggja síðustu ára verður þannig ekki litið. Ágreiningur málsaðila hverfist þannig í raun um hvort á ákvæði 2. mgr. 7. gr. laganna reyni, sem hljóðar svo:

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Því hefur verið slegið föstu í dómaframkvæmd, samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 70/2017 frá 22. febrúar 2018, að uppfylla þurfi tvenns konar skilyrði til þess að á undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga reyni. Annars vegar að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi hjá stefnanda að því er atvinnuþátttöku eða atvinnutekjur varðar eða hvort tveggja. Hins vegar að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hennar. Það leiðir einnig af nefndum dómi að það er hlutverk þess sem byggja vill á undantekningarreglunni að færa sönnur á að þesum skilyrðum sé fullnægt, samanber einnig til dæmis dóm Landsréttar í máli nr. 424/2020 frá 22. október 2021.

Stefnandi var nýorðin [...] ára er hún slasaðist. Hún útskrifaðist úr grunnskóla [...] og sinnti námi lítið á misserunum þar á eftir fram að slysi eins og áður er gerð grein fyrir. Hún var fyrst skráð eina önn í menntaskóla en söðlaði síðan um og skráði sig til náms í fjölbrautarskóla en sinnti námi lítt eða ekki. Formlega séð var hún þó skráð í nám til loka vorannar 2014 þrátt fyrir að vera farin að starfa á kaffihúsi og blómavöruverslun.

Í kjölfar slyssins hvarf stefnandi alfarið frá námi allt fram til ársbyrjunar 2019 er hún lagði stund á nám sem gerði henni kleift að hefja háskólanám haustið 2020. Í ljósi starfsferils stefnanda er ekki unnt að líta á hana sem námsmann sem hafi gert tímabundið hlé á námi, svo fjölbreytt sem atvinnusaga stefnanda er. Miklu heldur er til þess að líta að stefnandi hafi, eins og títt er um ungt fólk, verið að vinna að því að hasla sér völl á tilteknu starfssviði, í hennar tilviki í störfum tengdum flugi en hafi síðan þurft að venda kvæði sínu í kross og frá að hverfa þegar hún komst að því að hún réði ekki við líkamlega erfið störf.

Af framangreindu verður dregin sú ályktun að stefnandi hafi verið á vinnumarkaði er hún slasaðist en verði ekki skilgreind sem námsmaður, þrátt fyrir að hafa verið skráð í skóla veturinn 2013 til 2014. Óháð því hvort skilgreina megi stefnanda sem fastráðna eða ekki í vinnu hennar á kaffihúsi blasir við að stefnandi sýnist hafa verið búin að hasla sér slíkan völl á vinnumarkaði að ekki séu forsendur til að leggja tekjuviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til grundvallar þegar af þeirri ástæðu að hún hafi verið námsmaður og aðstæður hennar af þeim sökum ekki verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna. Auk atvinnuþátttöku stefnanda verður einnig að hafa í huga við þetta mat félagslegar aðstæður stefnanda en fyrir liggur að hún hafði hleypt heimdraganum og varð að sjá sér sjálf farborða án fulltingis foreldra eða ættmenna. Stefnandi hefur í því ljósi axlað sönnunarbyrði sína þannig að lagt verði til grundvallar að aðstæður hennar hafi verið óvenjulegar hvað atvinnuþátttöku snertir. Því skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga er þannig fullnægt.

Víkur þá að mati á því hvort skilyrðinu um að önnur laun en lágmarkslaun séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda en í máli þessu hefur stefnandi uppi aðal- vara- og þrautavarakröfur sem byggja á mismunandi tekjuviðmiði sem bera verður saman við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi ber í þessum efnun sönnunarbyrði þess að annað viðmið en lágmarkslaunaviðmiðið sé réttara í hennar tilviki eins og áður gat.

Í málinu eru fyrirliggjandi tekjuupplýsingar stefnanda á árabílinu 2011 til 2019 samkvæmt skattframtölum og staðgreiðslufirliti Skattsins. Viðmiðunarár í samræmi við 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eru síðustu þrjú almanaksár fyrir slysið sem í þessu tilviki eru árin 2011, 2012 og 2013. Árið 2011 námu tekjur stefnanda 19.355 krónum, árið 2012 voru þær 1.129.201 króna og árið 2013 1.247.619 krónur. Uppreiknað lágmarkslaunaviðmið samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 15. gr. var á stöðugleikapunkti 3.047.000 krónur. Þannig voru tekjur á viðmiðunarárunum þremur langt undir lágmarksviðmiðinu.

Sé hugað að tekjum árunna þar á eftir voru árslaun stefnanda árið 2014 2.873.926 krónur, árið 2015 voru þau 1.817.777 krónur, árið 2016 2.782.281 króna, árið 2017 4.094.129 krónur, árið 2018 5.152.908 krónur og árið 2019 námu þau 3.446.457 krónum. Þegar laun stefnanda eru borin saman við lágmarkslaunaviðmið kemur í ljós að árstekjur stefnanda ná fyrst því viðmiði þremur og hálfu ári eftir slysið. Árstekjur stefnanda ná aldrei á þessu árabíli því viðmiði sem stefnandi byggir aðalkröfu sína um meðallaun verkamanna á, það er 5.689.400 krónum. Hvað varakröfu stefnanda snertir um meðaltal

heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf er það einungis á árinu 2018 sem laun stefnanda eru nálægt því meðaltali. Í þessu ljósi og með vísan til sönnunarbyrði stefnanda fyrir því að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. sé fullnægt, sbr. fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 70/2017, verður ekki á það fallist að meðallaun verkafólks eða meðaltal heildarlauna starfsfólks við afgreiðslu og sölustörf séu réttari mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr.

Kemur þá að síðustu til skoðunar þrautavarakrafa stefnanda um uppreikning meðaltals launa vegna þriggja síðustu mánaða fyrir slys, [...], [...] og [...] 2014, sem nemur 340.233 krónum á mánuði eða 4.409.412 krónum á ársgrundvelli. Þegar þetta viðmið er borið saman við þau laun sem stefnandi vann sér inn á árunum eftir slys kemur í ljós að árslaun stefnanda sem hún vann sér inn ná þessu viðmiði fyrst árið 2017 og eru einnig hærrí en viðmiðið árið 2018 en síðan dala launin aftur árið 2019 er stefnandi hverfur til náms á ný. Ef nánar er horft til launa einstakra mánaða þá nær fjárhæð mánaðarlauna stefnanda þessu viðmiði, sem þrautavarakrafa hennar styðst við, ekki aftur eftir slysið fyrr en vegna launa tveggja mánaða á árinu 2016, þegar tvö ár voru liðin frá slysinu, og síðan vegna launa fimm mánaða á árinu 2017 og loks átta mánaða á árinu 2018. Umtalsverðar sveiflur voru í tekjum hennar milli mánaða jafnvel þótt stefnandi hafi þremur árum og fjórum árum eftir slys verið komin með hærri tekjur á ársgrundvelli en fólst í uppreikningi launa vegna margnefndra þriggja mánaða á árinu 2014. Tekjurnar döludu svo á ný eins og áður gat er hún hóf nám að nýju.

Þegar til þess er horft hve óstöðugar tekjur stefnanda voru eftir slysið með hliðsjón af lágmarkslaunaviðmiði 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga verður ekki á það fallist að atvinnuþátttaka stefnanda eftir slysið gefi tilefni til að horft verði til þeirra launa sem hún vann sér inn á þessum tíma. Skilur í þessum efnum á milli málsatvika í máli þessu og þeirra sem lágu til grundvallar niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 265/2011 frá 20. desember 2011 og Landsréttar í máli nr. 132/2020 frá 21. maí 2021. Í þeim tilvikum var um samfellda atvinnuþátttöku að ræða eftir slys hjá tjónþolum sem nýverið höfðu haslað sér völl á vinnumarkaði að námi loknu gegn launum sem voru umtalsvert hærri en lágmarkslaunaviðmið. Verður þannig ekki á það fallist að atvinnuþátttaka stefnanda og launatekjur fyrir og eftir slysið renni stoðum undir það að meðaltal launa í þrjá mánuði samkvæmt þrautavarakröfu stefnanda sé réttari mælikvarði á framtíðartekjur hennar en lágmarkslaun þau, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og leiða af meginreglunni í 1. mgr. greinarinnar. Eru því ekki uppfyllt bæði skilyrðin, sem þarf til að beita undantekningareglu 2. mgr. 7. gr. laganna. Óvenjulegar aðstæður í skilningi ákvæðisins liggja fyrir í málinu en ekki að annar réttari mælikvarði liggja fyrir en 3. mgr. 7. gr. kveður á um. Verður stefndi því einnig sýknaður af þrautavarakröfu stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dagsettu 20. maí 2021. Fallist er á framsetta kröfu um málflutningsþóknun, sbr. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, í samræmi við þann tímafjölda sem bókaður er í tímaskýrslu lögmanns stefnanda vegna vinnu við málið. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigrúnar Ísleifsdóttur.

Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda og Hjörleifur B. Kvaran lögmaður fyrir stefnda.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, TM tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigrúnar Ísleifsdóttur, sem þykir hæfilega ákveðin 841.000 krónur.